

01.09.20104 kl. 12:20 – Bárðarbunga

Fundi vísindamannaráðs Almanna- og Almannavarna sitja vísindamenn frá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans ásamt fulltrúum frá Almanna- og Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra

Á fundi vísindamannaráðs í morgun kom eftirfarandi fram:

Hraungos stendur enn yfir í Holuhrauni. Hraunið rennur til norðurs frá gosstöðinni.

TF-SIF fer í loftið kl. 13:00 og flýgur yfir svæðið með vísindamenn frá Veðurstofunni og Jarðvísindastofnun og fulltrúa Almanna- og Almannavarnardeildar Ríkislögreglustjóra. Upplýsinga er að vænta síðar í dag.

Kl. 20:00 í gærkvöldið náði hraunið yfir um 3 km² svæði. Rúmmál hraunsins er talið vera á milli 16 til 25 milljón rúmmetrar.

Ekkert öskufall er frá gosstöðvunum.

Gasbólstrar og gufa rísa frá sprungunni í nokkur hundruð metra hæð næst eldstöðvunum. Bólstrarnir stíga síðan í allt að 1200 metra hæð þegar fjær dregur.

Gasmælar hafa verið settir upp í nágrenni gosstöðvanna í Holuhrauni í tengslum við Futurevolc verkefnið. Gasmælingar leiða í ljós umtalsvert magn af brennisteinssamböndum í gosmekkinum. Því getur mikil hætta falist í því að nálgast svæðið. Mikilvægt er að þeir sem fara nærri gosstöðvunum séu með gasmæla og gasgrímur.

GPS mælingar sýna áframhaldandi láréttar færslur vegna gliðunar við norðurjaðar Vatnajökuls. Ekki sjást skýr merki um þrýstingslækkun í ganginum í tengslum við eldgosíð en greina má óreglu í GPS færslum í næsta nágrenni við hann. Berggangurinn virðist ekki hafa færst til norðurs svo nokkurs nemi.

Nokkuð dró úr skjálftavirkni þegar gos hófst. Enn er þó umtalsverð skjálftavirkni en um 500 skjálftar hafa mælst frá miðnætti. Mesta virknin er enn á 15 km löngu svæði með miðju á jaðri Dyngjujökuls.

kl. 08:58 mældist skjálfti 5 að stærð í Bárðarbunguöskjunni og annar að stærð 5,2 kl. 11:41 á sama svæði.

Enn er óvissa um hvert framhaldið á atburðarásinni verður. Fjórir möguleikar eru enn taldir líklegastir:

Að innflæði kviku stöðvist og skjálftahrinan fjari út og ekki komi til annars eldgoss.

Gangurinn nái til yfirborðs og annað eldgos hefjist, jafnvel á nýrri sprungu. Ekki er hægt að útiloka gos með hraunflæði og/eða sprengivirkni.

Gangurinn nái til yfirborðs og annað eldgos hefjist en verulegur hluti eða öll sprungan verði undir Dyngjujökli. Gosið myndi leiða til jökulhlaups í Jökulsá á Fjöllum og e.t.v. einnig sprengigoss með öskufalli.

Gos í Bárðarbungu. Gosið gæti leitt til jökulhlaups og e.t.v. einnig sprengigoss með öskufalli. Mestar líkur eru á að hlaup kæmi niður Jökulsá á Fjöllum, en ekki er hægt að útiloka aðrar hlaupaleiðir: Skjálfandafljót, Kaldakvísl, Skaftárkatla og Grímsvötn.

Ekki er hægt að útiloka aðrar sviðsmyndir.

Frá Veðurstofu Íslands:

Litakóði fyrir flug er appelsínugulur fyrir Bárðarbungu og gulur fyrir Öskju.